



Dagsetning: 1. nóvember 2024
Málsnúmer: 2306119/5.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Gott að eldast

Efni: Drög að samningi Fjarðabyggðar og HSA um samþættingu þjónustu

Í byrjun árs 2023 hófu Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar og Heilbrigðisstofnun Austurlands formlegt samstarf um sameiginlega umsókn í verkefnið Gott að eldast, með það fyrir augum að samþætta þjónustu beggja kerfa.

Gott að eldast er þróunarverkefni á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins. Skilyrði fyrir þátttöku voru að heilbrigðisstofnun sem rekur heimahjúkrun og sveitarfélög sem reka stuðningsþjónustu séu sammála um að einn aðili reki samþætta heimþjónustu á tilteknu svæði; sveitarfélag, heilbrigðisstofnun eða að þau feli í sameiningu þriðja aðila rekstur þjónustunnar.

Fjarðabyggð ásamt HSA var valið til þátttöku ásamt 21 öðru sveitarfélagi og 5 heilbrigðisstofnunum.

Fulltrúar HSA og Fjarðabyggðar ásamt verkefnastjóra frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti hafa fundað reglulega og unnið að þarfagreiningu, kynnt verklag, reglur, lög og hefðir sem liggja að baki þjónustu hvors kerfis fyrir sig. Síðustu mánuði hafa kerfin unnið sameiginlega að samningi um samþættingu, en sátt er um að þjónustan verði á hendi HSA.

Eins og fram kemur í samningnum felur samþættingin m.a. í sér sameiginlegan stýrihóp verkefnisins og sameiginlegt matsteymi. Fulltrúar fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar munu sitja ásamt fulltrúum HSA í báðum þessum hópum. Rekstri, inntöku og fjárhagi verkefnisins er því stýrt af báðum kerfum, þó svo að almennur rekstur og þjónusta sé á hendi HSA.

Drög sammingsins eru hér í viðhengi.



Laufey Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

